



2025-2026

Umsögn á starfsáætlun leikskóla Kópavogs

Leikskóli: Álfatún

Ágæti leikskólastjóri

Starfsáætlun uppfyllir viðmið Menntasviðs, Leikskóladeildar

Allar starfsáætlanir leikskóla ásamt umsögn foreldraráðs eru lagðar fyrir leikskólanefnd til staðfestingar. **Starfsáætlun leikskólans Álfatúns uppfyllir viðmið Menntasviðs, Leikskóladeildar og hefur verið samþykkt af leikskólanefnd.**

Ef óskað er eftir nánari umræðu/leiðbeiningu um einstaka þætti í starfsáætlun er velkomið að hafa samband við deildarstjóra/leikskólaráðgjafa.

Sigrún Hulda Jónsdóttir, deildarstjóri Leikskóladeildar Menntasviðs

Meðfylgjandi er nánara leiðsagnarmat um starfsáætlun leikskólans.



Viðmið um mat á gæðum

Leikskóladeild hefur eftirlit með gæðum leikskólastarfs í Kópavogi. Við yfirlestur starfsáætlana eru notuð viðmið um mat á gæðum í leikskólastarfi sem gefið var út af Reykjavíkurborg 2014¹.

Einnig er nýttur kvarði sem þróaður var í tengslum við viðmiðagerðina og er hann eftirfarandi:

Dökkgrænn:	Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu á gæðastarfi. Sumir þættir eru öðrum til eftirbreytni.
Ljósgrænn:	Gott verklag, flestir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi, styrkleikar fleiri en tækifæri til umbóta.
Gulur:	Verklagi ábótavant, uppfyllir viðmið um gæðastarf að sumu leyti en einhverjir mikilvægir þættir þarfnast umbóta. Tækifæri til umbóta fleiri en styrkleikar.
Appelsínugulur:	Margir mikilvægir þættir uppfylla ekki viðmið um gæðastarf.

Niðurstaða: **Dökkgrænn**, **Ljósgrænn**, **Gulur**, **Appelsínugulur**.

¹ [Viðmið um gæðastarf í leikskólum | Reykjavíkurborg \(reykjavik.is\)](http://viðmið.um.gæðastarf.í.leikskólum|Reykjavíkurborg(reykjavik.is))



Leikskóli: Álfatún

Dagsetning yfirferðar: 12.11.2025

Starfsáætlun	Dökkgrænn, Ljósgrænn, Gulur, Appelsínugulur	Athugasemdir
Inngangur		Umfjöllun um áherslur í starfi ásamt helstu áherslum á því næsta.
Skólastarfið/Leiðrljós		Einkunnarorð leikskólans eru ný, þau eru <i>umhyggja, traust og jákvæðni</i> . Helstu áherslur eru á útiveru, málörvun, skapandi umhverfi, gleði og uppgötvunarnám þar sem leikurinn er notaður sem verkfæri til að nálgast markmið leikskólans.
Innra mat leikskólans 2024-2025		Innra mati leikskólans er gerð mjög góð skil þar sem reglulegt símat er unnið. Tekin voru starfsmannaviðtöl og námsþátturinn sjálfbærni og vísindi var metinn þetta skólaárið. Námsþátturinn læsi og samskipti verður metinn þetta skólaárið. Ánægjulegt er að mikil áhersla er á að raddir barna fái að njóta sín og að þeirra skoðanir skipti máli.
Ytra mat leikskólans 2024-2025		Skólapúlsinn framkvæmdi viðhorfskönnun á meðal starfsfólks og foreldra. Fram kemur að Álfatún er á pari miðað við meðaltal á landsvísi í mörgum liðum á meðal starfsfólks. Áhugavert var að færri starfsfólk telur sig þurfa að vinna á miklum hraða og hafa mikið að gera. Niðurstöður foreldra voru mjög góðar og ekkert eitt ákveðið sem þarf að skoða betur að mati stjórnenda.
Umbótaáætlun leikskólans		Umbótaáætlun er vel fram sett, ítarleg og fylgir með starfsáætlun.
Áherslur í starfi leikskólans		Áherslur næsta starfsárs Álfatún er í innleiðingarferli að verða réttindaskóli UNICEF og þar að leiðandi er unnið út frá Barnasáttmála sameinuðu þjóðanna og lykilhugtökum hans sem eru umhyggja, vernd og þátttaka. Elstu tveir árgangarnir unnu í máli og myndum með Barnasáttmálann en yngri börnin meira í gegnum leikinn. Verkefnið „Okkar leikskóli“ hélt áfram og elstu tveir árgangarnir komu með hugmyndir að innkaupum að þessu sinni, hlustað er á raddir þeirra og þau fá að hafa áhrif. Unnið er að auka samtalið og meðvitund um markvissa umhverfisvernd og áherslur um Heimsmarkmiðin.



		- Læsisstefna skólans verður endurskoðuð meðal stjórnenda í haust með tilliti til nýrra viðmiða. - Samtal um málstefnu er á byrjunarstigi en stjórnendur munu leggja fram drög á stjórnandafundi í haust. - Innleiðingu nýrrar Aðalnámsskrár gengur vel, góð umræða hefur farið fram um leik og hlutverk kennara í leik barna. - Skólanámsskrá er á lokametrunum og stefnan að klára í vetur. - Hæfniramar í íslensku eru nýttir fyrir börn með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn en stjórnendur hafa hug á að innleiða þá vinnu enn frekar, fræðsla var í vor um nýtingu hans en vilji er til þess að skerpa vinnulag enn frekar. - Farsældarlögin voru kynnt fyrir öllu starfsfólki og skerpa á fræðsluna á skipulagsdegi og kynna fyrir nýju starfsfólki. - Lausnarteymi er starfandi í skólanum og kallað til eftir þörfum.
Þróunar- og nýbreytnistarf		Álfatún er þátttakandi í þróunarverkefni til að efla málörvun í leikskólanum í samstarfi með talmeinafræðing leikskóladeildar. Áframhaldandi þróun er í innleiðingarferli leikskólans að verða réttindaskóli Unicef og að auki þróa vinnu með hæfniramma og farsældina.
Foreldrasamstarf		Foreldraráð og foreldrafélag eru starfandi við skólann og er tilgreint hvernig foreldrar eru upplýstir hverjir sitja í ráðinu.
Starfsfólk		Ítarlegar upplýsingar um samsetningu starfsfólks og stöðuna næsta skólaár. Fjölbreyttur hópur starfsfólks og mun nýr aðstoðarleikskólastjóri byrja í lok árs.
Símenntunaráætlun		Greinagóð símenntunaráætlun er til staðar.
Skipulagsdagar		Skipulagsdagar eru kynntir og viðfangsefni.
Aðrar upplýsingar		Upplýsingar um hve mörg börn verða í skólanum næsta leikskólaár koma fram ásamt aldursskipting þeirra. Einnig er tilgreint hve mörg börn með fjölbreyttan tungumála - og menningarbakgrunn verða í skólanum, 35 % barnanna. Nokkuð er um að börn séu í sex tíma vistun en því miður færri en síðasta skólaár.
Húsnæði og lóð		Ítarlegar upplýsingar eru um það viðhald sem fram fór á liðnu skólaári ásamt ósk um viðhald á komandi ári. Húsnæði leikskólans þarfnast lagfæringar og unnið er að þeim málum í samstarfi við umhverfissvið. Ýmsar óskir um úrbætur koma fram þar á meðal er óskað eftir að ítölskum rafmagnsklóm verði skipt út.



Öryggismál		Öryggisnefnd og áfallaráð eru starfandi í leikskólanum.
Lokaorð		Áherslur og umbætur koma skýrt fram í starfsáætluninni. Leikskólastjóri vill að lokum koma á framfæri áhyggjum af næsta vetri þar sem grunnstöðugildi á deildum er of lágt vegna óhagstæðra stærða á deildum sérstaklega á yngstu deildunum. Að auki hve mikil þörf er á umfangsmiklum endurbótum á húsnæði leikskólans og ósk um áætlun í þeim efnum.
Fylgigögn		Öll fylgigögn fylgja.
Umsögn foreldraráðs		Umsögn foreldraráðs fylgir með. Foreldraráð skólans lýsir ánægju sinni á lýsandi starfsáætlun og metnaði í að þróa starfið. Jafnframt mikilvægi þess að ráðist verði í nauðsynlegar lagfæringar á húsnæði leikskólans til að tryggja öryggi, aðgengi og velferð barna og starfsfólks.